# SKRÚÐUR í Rangárþingi ytra

## Deiliskipulag landspildu




Deiliskipulagsuppdráttur mkv. 1:2.000.




Skýringaruppdráttur mkv. 1:4.000.




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, með síðari breytingum. Mkv. 1:50.000.

**GREINARGERÐ**

### 1. INNGANGUR

**Skipulagssvæðið**

Deiliskipulagið nær yfir um 1 ha úr landi Hallstúns landnr. 203909. Landspildan er nefnd Skrúður og er í heild um 15,1 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir íbúðarhús, gestahús og skemmu. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, með síðari breytingum. Svæðið er landbúnaðarsvæði og liggur vel gagnvart veitum og samgöngum.

**Kortagrunnar**

Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnitakerfi er ISN93.

**Skipulagsgögn**

i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000.
ii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:4.000 sem sýnir hugmyndir um staðsetningu húsa og aðkomu að svæðinu.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagsuppdrætti fyrir Rangárþing ytra 2010-2022.

**Fornminjar**

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins, en sunnan til á landspildunni eru rústir.

### 2. LÝSING DEILISKIPULAGS

**Aðkoma og bílastæði**

Aðkoma að Skrúð er af Landvegi nr. 26 og um núverandi aðkomuveg. Bílastæði eru innan byggingarreits.

**Byggingar**

Innan byggingarreits er um 75 m² hús sem notað verður sem gestahús. Innan byggingarreits er heimilt að byggja íbúðarhús allt að 250 m² og skemmu allt að 500 m². Mænishæð íbúðarhúss getur verið allt að 6 m og skemmu allt að 8 m, m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin.

**Veitur**

Byggingar eru tengdar Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra og dreifikerfi Rarik. Frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki sem verður fyrir allar byggingarnar.

### 3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

**Hönnun og uppdrættir**

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mænisstefna er frjáls.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann ____________

f.h. Rangárþings ytra

______________________________

**SKRÚÐUR**

Deiliskipulag


STEINSHOLT
Laugalandi, 851 Hella
Sími 487 5307
www.steinsholtsf.is


| | | |
|---|---|---|
| Verk: 8614 DI131 | Dags: 10.02.2012 | |
| Mkv: 1:2.000 / 1:4.000 | Breytt: | |
| Blaðstærð: A3 | | |
| Hannað: GG, ÁJ, IS<br>Teiknað: IS | Samþykkt: | |